

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	23.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Eftirlitsmaður	Sigurður Ingason
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Ósk Bergsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins, Engin frávik frá starfsleyfi frá starfsleyfi komu fram og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir losun í ársfjórðungsskýrslum það sem af var komið af ári en hæst mældist flúor í maí en að sögn rekstraraðila má sjá greinilega hækkun við þjálfun sumarstarfsfólks ásamt því að tafir í skautsmiðju og bið eftir skautum hafi gert rekstrarskilyrði erfiðari.

Rætt var um rafmagnsleysi sem varð vegna vinnu í aðveitustöð þann 19.júní. Allir kerskálur ásamt þurrhreinistöðvum urðu þá rafmagnslausir í um tvær klukkustundir. Þurrhreinistöð þrjú varð aftur rafmagnslaus í klst. síðar um kvöldið. Verið var að fara yfir grunnorsök stöðvunarinnar.

Rætt var um úrgang frá fyrirtækinu, um 83-84% er endurnýtt en stærsti hlutinn sem er fluttur út eru skautleifar. Raflausn er þá flutt út sem aukaafurð og straumteinar sem áður fóru til GMR endurvinnslunnar eru fluttir út.

Í lok fundar voru rædd breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, rekstraraðili óskaði eftir upplýsingum um hvenær ný mörk taka gildi skv. reglugerðinni þegar það liggur fyrir.

Farið var í steypuskála og kæliaðstaða álgjalls skoðuð. Álgjall sem fellur til í ofnum álversins er kælt niður og svo flutt til endurvinnslu hér á landi. Rölt var um svæðið að nýju flæðigryfjunni og aðstæður skoðaðar. Að lokum var farið í enda kerskála eitt en þar höfðu skautskipti farið fram fyrr um morguninn.

ANNAÐ


Stofnuninni barst tilkynning um annað straumleysi í þurrhreinistöðvum þann 26.júní en skv. rekstraraðila er talið að það tengist straumleysinu sem varð þann 19.júní. Stofnunin óskar eftir upplýsingum um grunnorsök þegar þau eru kunn.

Fráviki frá árinu 2015 er varðar hávaða frá löndunarbúnaði hefur verið lokað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.08.2017


Einar Halldórsson